

og skilyrðislausum orðum afsalsins. Þykir því rétt, að úrslit málsins fari eftir synjunareiði Guðna Þorsteinssonar, þar eð um aðildareið getur ekki verið að ræða, en Guðni getur ekki skapað sér réttarfarshagræði með því að framselja kröfuna, og komast á þann hátt hjá því að vera aðilji í málinu.

Úrslit málsins hér í réttinum verða því þau, að vinni Guðni Þorsteinsson, sem umræðir í málinu, eið að því á varnarþingi sínu eftir löglegan undirbúning, að hann hafi álitid stefndan, en ekki Svein Jónsson, vera raunverulegan eiganda og seljanda skúrsins, er hann tók við afsalinu, þá á stefndur að greiða stefnanda kr. 2916.00 með vöxtum eins og krafizt er. Vinni hann hinsvegar ekki svofeldan eið, á stefndur að vera sýkn af kröfum stefnanda.

Hvort sem stefndur vinnur framangreindan eið eða ekki þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Sökum anna dómaraans varð dómur ekki kveðinn upp í máli þessu 28. f. m. en síðastliðinn fimmtudag var ekkert bæjarþing haldið.

Miðvikudaginn 30. jan. 1929.

Nr. 46/1928. **Jóhann Bárðarson og Magnús Magnússon f. h. Timburverzlunarinnar „Björk“** (Magnús Guðmundsson) gegn **bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar** (Jón Ásbjörnsson).

Krafa áfrýjanda um greiðslu andvirðis timburs, er stefnda taldi sig hafa eignast fyrir »extinctio«.

Dómur aukaréttar Ísafjarðarkaupstaðar 30. júní 1928: Hin stefnda bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar á að vera sýkn af kröfum stefnenda í máli þessu.

Stefnendur, Jóhann Bárðarson og Magnús Magnússon f. h. Timburverzlunarinnar »Björk«, greiði stefndu vegna bæjar-sjóðs Ísafjarðar 160 kr. í málskostnað.

Dóminum að fullnægja, að því er áhrærir málskostnaðar greiðslu, innan 15 daga frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur máls þessa, sem dæmt er í aukarétti Ísafjarðarkaupstaðar 30. júní f. á. af fyrirv. sýslumanni, Karli Einarsyni sem setudómara, hafa krafist þess hér fyrir réttinum, að stefnda, bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar, verði dæmd til að greiða þeim 5955 kr. 28 aura, með 6% vöxtum frá sáttakærudegi 10. des. 1927 og málskostnað í héraði og hæstarétti eftir mati réttarins.

Hinsvegar hefir hin stefnda bæjarstjórn aðallega krafist staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati réttarins. Þó hefir stefnda til vara krafizt þess, að hún verði aðeins dæmd til að greiða áfrýjendunum 3999 kr. 47 aura, með 6% vöxtum frá ofanefndum degi, svo og niðurfellingar málskostnaður hér í rétti.

Samkvæmt samningi, dags. 28. júní 1927, milli áfrýjenda og Sigurðar nokkurs Ásgeirssonar, sem stefnda hafði falið nokkrar byggingar á eignarjörð sinni Seljalandi með samningi við Sigurð, dags. 31. maí s. á., leigðu áfrýjendur Sigurði »timbur í steypumót og og geymsluskúr« til afnota við nefndar byggingar. Var meðal annars tekið svo til orða í samningnum, að timbrið væri »lánað«, en »ekki selt«, og að því skyldi eftir afnotin »skilað í sama stað og það var tekið, hreinu og uppstöfluðu, verzluninni alveg að kostnaðarlausu«, enda skyldi Sigurður greiða 10% af útsöluverði timbursins sem leigu fyrir afnotin. En það af timbrinu, sem annaðhvort ekki yrði skilað eða ekki skilað í forsvaranlegu standi, skyldi bætt eftir nánar tilteknum reglum í samningnum.

Aftur á móti var meðal annars svo tilskilið í ofanefndum verkkaupssamningi stefndu við Sigurð Ásgeirsson, að »allt byggingarefni verði eign verkkaupa, þegar það hefur verið flutt á byggingarstaðinn«. Og

Sigurður, sem hætti verkinu í byrjun september, áður en það var fullgjört, »afhenti bænum bygginguna og byggingarefnið og annað tilheyrandi á staðnum« í því ástandi, sem það þá (4. sept.) var í.

Það er in confesso milli aðilja, að áfrýjendur hafi látið Sigurði í té timbur fyrir 5955 kr. 28 aur., að bærinn hafi notað timbrið í byggingar sínar á Seljalandi án samþykkis áfrýjenda og að ofanefndir samningar beggja aðilja við Sigurð séu að undirskrift og innihaldi svo sem þeir upprunalega voru gjörðir.

Annars hefir stefnda hér fyrir réttinum stutt aðalkröfu sína með því, að stefnda hafi eignast timbrið fyrir »extinctio«, þar sem hún hafi verið grandalaus um eignarrétt áfrýjendanna yfir því, enda hafi áfrýjendurnir ekki tilkynnt henni, hversu ástatt var um timbrið. En fyrst og fremst sögðu áfrýjendur stefndu til eignarréttar síns með bréfi 27. sept. og buðu henni jafnframt að ganga inn í samning Sigurðar, en stefnda sinni því ekki, og lauk þó ekki byggingum sínum á Seljalandi að því er ætla má, fyrr en nokkrum vikum síðar. En hvað sem grandaleysi stefndu að öðru leyti kann að hafa liðið, þá getur hér ekki verið að ræða um eigendaskifti vegna extinctionar.

Samkvæmt framansögðu og þar sem eignarréttur áfrýjendanna yfir timbrinu á hinn bóginn er ugglaus, eftir ótvíræðum orðum samnings þeirra við Sigurð, verður aðalkrafa stefndu ekki tekin til greina.

Fyrir varakröfunni hefir stefnda gjört þá grein, að að timbur það, er Sigurður tók út fyrir 28. júní 1927 og nam alls 955 kr. 94 aur., eigi að dragast frá hinni umstefndu upphæð 5955 kr. 28 aur., þar sem ákvæði hins skriflega samnings áfrýjenda við Sigurð nái eigi til þeirrar úttektar, og ennfremur 20 % af allri úttektarupphæðinni, eða 999 kr. 87 aur., þar sem Sig-

urður hafi átt heimtingu á þeim frádrætti og timbrið hafi vitanlega rýrnað í verði. En hvorugur frádrátturinn á við rök að styðjast. Fyrri frádrátturinn er óheimill, þar sem samningur Sigurðar við áfrýjendurna á eftir berum orðum sanningsins við alla úttekt Sigurðar. Og síðari frádrátturinn er einnig óheimill, þó að timbrið hafi rýrnað í verði, þar sem stefndi eigi aðeins sinnti ekki tilboði áfrýjenda um að ganga inn í samninginn, heldur braut lög á áfrýjendunum með því að hagnýta sér eign áfrýjendanna án samþykkis þeirra.

Varakröfu stefndu verður því heldur ekki sinnt.

Verður því, samkvæmt framansögðu, að dæma stefndu til þess að greiða áfrýjendunum hina umstefndu upphæð 5955 kr. 28 aur., með 6 % ársvöxtum frá 10. des. 1927, og málskostnað fyrir báðum réttum, sem eftir öllum málavöxtum þykir hæfilega ákveðinn 700 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda, bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar, greiði áfrýjendunum, Jóhanni Bárðarsyni og Magnúsi Magnússyni f. h. Timburverzlunarinnar »Björk« á Ísafirði 5955 kr. 28 aura, með 6 % ársvöxtum frá 10. des. 1927 og 700 kr. sem málskostnað fyrir báðum réttum.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hafa eigendur Timburverzlunarinnar »Björk«, þeir Jóhann Bárðarson og Magnús Magnússon kaupmenn sama stað, höfðað, eftir löglega sáttatilaun en árangurslausa, gegn

bæjarstjórn Ísfjarðarkaupstaðar, þeim bæjarfógeta Oddi Gíslasyni, og bæjarfulltrúunum Vilmundi Jónssyni, Finni Jónssyni, Jóni M. Péturssyni, Jóni H. Sigurðssyni, Eiríki Einarssyni, Magnúsi Ólafssyni, Matthíasi Ásgeirssyni og Stefáni Sigurðssyni, öllum til heimilis á Ísafirði, með stefnu útgefni 6. marz þ. á. og gjört þær kröfur, að hin stefnda bæjarstjórn verði vegna bæjarsjóðs Ísafjarðar dæmd annaðhvort til að skila aftur í samningshæfu ástandi tímbrí, er téð verzlun hafi lán- að Sigurði Ásgeirssyni trésmið á Ísafirði, samkvæmt samningi 28. júní 1927, er notað hafi verið í byggingu hins svokallaða Seljalandsfjós og skúr til afnota við bygginguna á nefndu fjósi — hlöðu og safnþró, eða greiða andvirði þess, kr. 5955.28, ásamt 6% ársvöxtum og málskostnað að skaðlausu eftir rétt- arins mati.

Hin stefnda bæjarstjórn krefst hinsvegar aðallega að verða sýknuð af kröfum stefnanda eða til vara að verða dæmd til að greiða umstefnt timbur í því ástandi, er það var í, þegar bæjarstjórn (búnefnd) tók að sér að byggja umrætt fjós, hlöðu og safnþró, 4. sepember 1927, eftir mati dómkvaddra, óvilhallra manna. Báðum þessum kröfum hafa stefnendur mótmælt.

Málavextir eru þannig:

Hinn 27. apríl 1927 kaus hin stefnda bæjarstjórn búnefnd, er annast skyldi búskap fyrir bæjarstjórn, á Seljalandi og $\frac{1}{2}$ Tungu. Búnefnd þessi gjörði útboð um byggingu svonefnds Seljalandsfjós, hlöðu og áburðarhúss, en búskapurinn átti að byrja þá þegar eða á næstunni. Tvö tilboð komu, og var annað frá Sigurði Ásgeirssyni fyrnefndum, og mælti búnefndin með því, að hans tilboði yrði tekið, og var það samþykkt á fundi hinnar stefndu bæjarstjórnar 30. maí s. á., og er ekki ágrein- ingur í málinu um það, að samningur um verkið var til stað- ar á þessum fundi, aðeins óundirskrifaður, enda var heimild gefin formanni búnefndar að undirrita hann á sama fundi hinnar stefndu bæjarstjórnar. Eftir samningi þessum, dagsett- um 31. maí 1927, átti verksmiður að byggja og fullgjöra fjós, hlöðu og áburðarhúsbyggingu á Seljalandi í Ísfjarðarkaupstað, ásamt vatnsveitu, vegagjörð og aðgjörð á lóðinni í kringum húsið, allt samkvæmt viðfestri útboðslýsingu og teikningum, árituðum af báðum samningsaðilum, og samningi þessum. Ennfremur stendur í samningnum: »verksmiður leggur til allt efni og verk« og »allt byggingarefni verður eign verkkaupa, þegar það hefir verið flutt á byggingarstaðinn og verkið

jafnóðum og unnið er«. Hinn 4. september 1927 gefst verksmiður upp við bygginguna og afhendir bænum á búnefndarfundum þann dag bygginguna, byggingarefnið og annað tilheyrandi á staðnum í því ástandi, sem það nú er í. Ágreiningurinn í máli þessu er út af timbri, sem verksmiður fékk hjá stefnendum í þarfir þessarar byggingar á tímabilinu 2. júní til 1. sept. 1927, sem að verðlagi nemur umstefndri upphæð eftir reikningi stefnenda.

Stefnendur halda því fram, að timbur þetta hafi aðeins verið lánað (léð), en ekki selt eða lánað í reikning verksmiðs, og byggja þá skýringu sína á því, að 28. júní 1927 gjörir meðstefndandi, Jóhann Bárðarson samning, við verksmið um timbur til þessarar byggingar til láns, og beri því bæjarstjórn vegna bæjarsjóðs, annaðhvort að skila aftur timbrinu eins og samningur þessi gjörir ráð fyrir, eða greiði andvirði þess, þar sem það var notað í þarfir bæjarins í oftnefnda fjós-, hlöðu- og áburðarbyggingu. Þessu mótmælir hin stefnda bæjarstjórn, þar sem bæjarsjóður hafi orðið eigandi að timbri þessu, samkvæmt ákvæðum verksamningsins, og telur sér óviðkomandi viðskifti verksmiðs og stefnenda.

Að því er snertir timbur það, sem tekið er út hjá stefnendum til 28. júní 1927, virðist enginn vafi geta verið um, að stefnendur hafa afhent það á sína eigin ábyrgð, og hafi engar kröfur á hendur hinni stefndu bæjarstjórn út af því. Um hitt timbrið, sem afhent var í þarfir byggingarinnar eftir að samningur frá 28. júní 1927 er gjörður, fer eftir því, hvort hin stefnda bæjarstjórn eða búnefnd hennar vegna, eða stefnendur sjálfir eiga sök á því, að þetta — í margnefndum samning — fyrirkomulag var haft um afhendingu umrædds timburs, því þetta fyrirkomulag kemur algjörlega í bága við ákvæðin í verksamningnum. Það verður nú ekki séð af því, sem upplýst er í málinu, að búnefnd eða bæjarstjórn hafi haft neina ástæðu til þess að grenzlast eftir þessu timburláni, en hitt er vist, að meðstefnandi, Jóhann Bárðarson, átti að gjöra búnefnd eða bæjarstjórn aðvart um þetta lán, ef hann ætlaði að krefjast greiðslu á því úr bæjarsjóði, þar sem það verður ekki betur séð af því, sem fyrir liggur í málinu, en að honum hafi verið kunnugt um ákvæði verksamningsins milli verksmiðs og búnefndar. Kröfur stefnenda virðast því fyrst og fremst eiga að beinast að þeim, sem fékk timbrið hjá stefnendum og sem bar að greiða það einmitt eftir samningi 28. júní 1927. En

Það má máske segja, að ef meðstefnandi Jóhann Bárðarson gæti talist í fullkominni »góðri trú« um verksamninginn eða honum verið hann ókunnur og verksmiður talið honum trú um, að bærinn borgaði, að þá hefði máske verksmiður gjört það verk, að bærinn hefði verið bundinn við ráðstafanir hans, en það sést ekki, að svo hafi verið, heldur margt, sem bendir í gagnstæða átt, þar á meðal, að meðstefnandi Jóhann Bárðarson neitar því ekki, að hafa lesið verksamninginn milli verksmiðs og búnefndar. Það virðist því eiga að sýkna hina stefndu bæjarstjórn af öllum kröfum stefnenda í máli þessu, þar á meðal málskostnaðarkröfu.

Eftir úrslitum málsins virðist rétt að vera, að stefnendur greiði hinni stefndu bæjarstjórn málskostnað, sem hæfilega er metinn 160 kr.

Miðvikudaginn 30. jan. 1929.

Nr. 81/1928. **Helgi Benediktsson f. h. Verzlunarfélags Vestmannaeyja**

gegn

Jóni Heiðberg.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi Helgi Benediktsson f. h. Verzlunarfélags Vestmannaeyja, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til rikissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Mánudaginn 4. febrúar 1929.

Nr. 3/1929.

Valdstjórnin (Lárus Jóhannesson)

gegn

Anton Christensen (Lárus Fjeldsted).

Áfengisлага- og bifreiðalagabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 22. nóvbr. 1928: Stefndur, Anton Christensen, missi ökuskírteini sitt í